

- b. Eignarhluti umsækjanda í íbúð og aðrar eignir hans og fjölskyldustærð séu að jafnaði með eftirfarandi hætti:

Fjölskyldustærð:	Eignarhluti og aðrar eignir séu lægri en: (millj. kr.)
1–2	3,0
3–4	5,0
5–6	8,0

Ef um stærri fjölskyldu er að ræða metur húsbrefadeild hvert tilfelli sérstaklega. Ef íbúðareigandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign og skuldir beggja.

Eignarhluti er skilgreindur sem matsverð íbúðar að frádregnum skuldum íbúðareiganda sem stafa af byggingu eða kaupum íbúðar.

Viðmiðunarfjárhæðir miðast við byggingarvísitölu 1. janúar 1991, 176,5 stig, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

- c. Fyrir liggja að skipti á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.
 d. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjenda með húsbrefum.
 e. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um eða undir 20% af heildarlaunum hans.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

6. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 217/1990 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti gilda að öðru leyti um framangreind atriði, eftir því sem við á.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 124/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 14. janúar 1992.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins nr. 614/1989, sbr. rg. nr. 56/1990 og rg. nr. 203/1990.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda eftir lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og reglugerð þessari skulu aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hverrar kvikmyndar þannig að fast gjald kr. 1 200 greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 40 fyrir hverja mínútu

kvikmyndarinnar og merkingu allt að 150 eintaka af hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2 fyrir hvern merkimiða umfram þann fjölda. Fjárhæðir þessar eru miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar 133,7 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1991.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna.

I. KAFLI

ÁBYRGÐ OG VERKSVIÐ SVEITARSTJÓRNA OG HÚSNÆÐISNEFNDA.

Ábyrgð og verksvið sveitarstjórna.

1. gr.

Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri, skal sveitarstjórn skipa húsnæðisnefnd, sbr. 11. gr.

Sveitarstjórn leggur húsnæðisnefnd til húsnæði og aðra aðstöðu til starfseminnar.

Sveitarstjórn ræður fasta starfsmenn húsnæðisnefndar að fengnum tillögum nefndarinnar. Sveitarstjórn semur um launakjör starfsmanna.

Sveitarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna.

2. gr.

Í sveitarfélögum með færri en 400 íbúa fer sveitarstjórn með verkefni húsnæðisnefndar. Hafi sérstakur húsnæðisfulltrúi verið ráðinn er hann starfsmaður sveitarstjórnar en allar ákvarðanir eru teknar af sveitarstjórn. Þessum sveitarfélögum er þó heimilt að skipa húsnæðisnefnd með sama hætti og sveitarfélög með 400–10.000 íbúa.

3. gr.

Sveitarstjórn skal hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðismál þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast til þess aðstoðar.

Sveitarstjórn ber að láta gera áætlun um byggingu eða kaup á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu, þ.e. eignaríbúða, félagslegra og almennra kaupleiguíbúða og leiguíbúða, þ.m.t. félagslegar íbúðir fyrir aldrada og öryrkja, og felur húsnæðisnefnd að sjá um framkvæmd þeirrar áætlunar, sbr. 19. gr.

Húsnæðisnefnd skal gera áætlun til fjögurra ára í senn um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum sem byggjast á mati á þörf fyrir félagslegar íbúðir í sveitarfélaginu. Endanleg áætlun skal staðfest af sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal sjá um að áætlunin sé endurskoðuð árlega.